

Nd.

382. Frávísunartillaga

[182. mál]

í málinu: Frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá Benedikt Gröndal, Eðvarð Sigurðssyni og Karvel Pálmasyni.

Þar sem breytingar efri deildar á frumvarpinu draga ekkert úr kjaraskerðingu eða riftun samninga, sem í því felast, og enn stendur boð stærstu launþegasamtakanna um að ræða við ríkisstjórnina um lausn á vandamálum atvinnuveganna án þess að kjarasamningum sé rift, ályktar neðri deild, í trausti þess að slíkar viðræður fari fram, að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar.